



# NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/3098*  
*komudagur 2.9.2010*

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Húsavík, 2. september 2010  
nr. erindis 201006073

Efni: Umsógn skipulags- og byggingamefndar Norðurþings

Skipulags- og byggingamefnd Norðurþings tók fyrir á fundi sínum 25. ágúst s.l. erindi yðar til nefndarinnar og afgreiðsla hennar var eftirfarandi:

- **lónaðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða (heildarlög), 660. mál.**

Skipulags- og byggingamefnd Norðurþings hefur skoðað frumvarpið og óskar að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Ekki virðist gert ráð fyrir beinni aðkomu viðkomandi sveitarfélaga að flokkun virkjunarkosta. Það telur nefndin óásættanlegt, enda skuli skipulagsvaldið í höndum sveitarfélaganna.
2. Rétt væri að bæta við í 1. mgr. 4. gr. að virkjunarkostir sem þegar eru komnir í skipulagsáætlunir (svæðisskipulag/aðalskipulag) sveitarfélaga falli sjálfkrafa í nýtingarflokk.
3. Skv. 7. gr. skal verndar- og nýtingaráætlun bindandi fyrir sveitarfélögin við gerð skipulagsáætlana. Þarna er enn og aftur verið að klípa af því skipulagsvaldi sem sveitarfélögin hafa. Norðurþing mótmælir þeirri uppsetningu.
4. Ljóst er að það getur verið fjárhagslega íþyngjandi fyrir sveitarfélög að þurfa innan afmarkaðs tíma að breyta sínum skipulagsáætlunum til samræmis við verndar- og nýtingaráætlun. Eðlilegt væri að kostnaður vegna skipulagbreytingar yrði tengdur kostnaði við gerð verndar- og nýtingaráætlunar og félli á þann sem fer með valdið til að gera verndar- og nýtingaráætlunina.

Virðingarfyllt,

  
**NORÐURÞING**

Óskar Óli Jónsson  
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa